



Reykjavík, 27. janúar 2026
USK25100171

Rauðarárstígur 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa – Bílastæði í borgarlandi

Lögð fram fyrirspurn Myndlistaskólans í Reykjavík ses, dags. 10. október 2025, um setja skammtíamastæði fyrir nemendur og aðstandendur skólans fyrir framan lóðina nr. 10. við Rauðarárstíg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Lofmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Laugavegur 118 og byggingin á Rauðarárstíg 10 innan hennar, borgarhluta 3. Hlíðar og er hluti af M1a – Miðborg.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir stgr. 1.240.1, Tryggingastofnunarreitir, samþykkt í borgarráði 20. júlí 2006 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Í húsi við Rauðarárstíg 10 er starfrekinn Myndlistarskóli Reykjavíkur. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á möguleika þess að sett verði upp bílastæði í borgarlandi fyrir hreyfihamlaða við Rauðarárstíg. Ásamt fyrirspurn voru lagðir inn uppdrættir vegna hugmynda sem sýna 4 sérmerkt stæði vegna ferðaþjónustu fatlaðra.



Hugmynd að bílastæðum með fyrirspurn



Reykjavík



Bílastæði í borgarlandi eru ekki sérmerkt ákveðnum aðilum nema í undantekningartilfellum, s.s. sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaða (þ.e. á skráningarnúmer ökutækis), bílastæði fyrir ráðherra og sendiráð. Innan lóðar eru einnig bílastæði sem eiga að fullnægja þörf þeirra húsa sem eru innan hennar. Því er ekki hægt að verða við því að sérmerkja stæði fyrir skólann eins og fyrirspurnin leggur upp með.

Að því sögðu er verið að vinna að breytingum við Rauðarárstíginn og stendur til að hafa tvö bílastæði fyrir fatlaða í nálægð við Myndlistaskólann. Þau stæði verða ekki sérmerkt en munu þá samnýtast skólanum.

Niðurstaða

- Ekki er hægt að verða við ósk um að gera sérmerkt stæði í Borgarlandi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ágúst Skorri Sigurðsson
verkefnastjóri



Reykjavík